

Pórarinn Stefánsson er ...

Stúdensræfill í Höfn

Síðasta orðið

Pórarinn Stefánsson

Ágúst morgun í upphafi nýliðinnar aldar stóð ungur íslenskur stúdent á hafnarbakkanum í kóngsins Kaupmannahöfn, bjarteygur, vörpulegur og með fiðring í maganum. Hann horfði opinmyntur í kringum sig í þessari nýju veröld. Framundan var hinn óþekkti heimur stórborgarinnar með nýjum ævintýrum og árum náms og upplifana. Er hann þar með úr sögu þessari.

Einni öld og ótal hafnarstúdentum síðar stóð enn einn stúdensræfillinn, ég sjálfur, illa sofinn og með ámóta fiðring í maganum á leið til danskrar grundar. Búinn að segja upp í vinnunni, leigja út íbúðina, setja bílinn á sölu og kveðja vini og fjölskyldu. Með átta kíló í yfirvikt og kassastaf-la í geymslu í Sundahöfn (sem ekki hafði unnist tími til að borga farið undir vegna anna á endasprettinum), stóð ég í flughöfninni og beið eftir að leggja í leiðangur með Iceland Express í leit að nýjum ævintýrum í borg drottningar.

Samkvæmt aldaforri hefð íslenskra hafnarstúdentana var ákveðið kæruleysi í gangi, enginn fastur samastaður í sigti annar en vilryði fyrir vindsæng á stofugólfinu hjá vinafólki. Skólavistin var þó fastsett í spánýjum glerkastala IT-háskólans á Amager sem ég vísitæði strax fyrsta daginn í glampanði sól og blíðu.

Menntaskóladanskan

Ég tók strax þá stefnu að reyna að bjarga mér á menntaskóladönskunni eins og mögulegt væri og ekki grípa til enskunnar nema í algerri neyð. Það hefur gengið vonum fram og enn hef ég ekki fengið óverðskuldaðan löðrung né komið mér í önnur alvarleg tungumálavandræði. Ef í nauðirn-ar rekur gríp ég til íslensku orðanna og krydda þau með dönskum framburði og það er merkilega oft sem það dugir til að koma samtalinu aftur á rétt spor.

Í húsnæðisleit minni hafði ég veraldarvef-inn og netið umfram nafnlausu stúdentinn á liðinni öld, þannig að ég var bjartsýnn á að finna eitthvað við hæfi. Reyndar leiddu tilraunir fljótlega til þeirrar niðurstöðu að þótt Danir auglýsi á netinu þýðir það ekki að þeir séu röskir að svara tölvupóstum, þannig að ég gat ekki skýlt mér bak við vandlega samin skeyti heldur neyddist til að grípa til gemsans. Það gekk þó nægilega vel til að sléttri viku eftir að ég lenti fyrst í Köben flutti ég inn í prýðilegt herbergi á Amager, steinsnar frá Eyrnasundskollegi-inu. (Reyndar svo nálægt að maður kippir sér ekkert upp við það að heyra HLH flokk-inn og Siggu Beinteins óma inn um gluggan á aðfaranótt laugardags.)

Danskir stúdentar standa sig prýðisvel í því að „festa“ og strax fyrsta skóladaginn kynntist ég danskri snilldaruppfinningu sem ég er steinhissa að skuli ekki hafa fengið Nóbelsverðlaun fyrir löngu: Fredagsbarnum. (Ég kys að trúá því að það sé einungis vegna þess að akademían hafi ekki ákveðið í hvaða flokki eigi að verð-launa hugmyndina – ég sting upp á friðar-verðlaunum.)

Fulltrúi þjóðar

Á föstudagsbarnum eru umræðuefnin margvísleg og ég hef á köflum velt því fyrir mér hvort ég eigi ekki að sækja um styrk til utanríkisráðuneytisins sem sérlegur landkynningar- og markaðsfulltrúi fyrir klakann. Í fljótu bragði man ég meðal annars eftir að hafa haldið uppi samræðum um álfa og hjátrú, íslenska tónlist, trúrækni, veður, náttúruöfl, leiklist og menningu, viðhorf til barneigna, verð á flugmiðum, reynt að sannfæra Dani um að 300 þúsund sé ekki fjöldi Íslendinga í Kaupmannahöfn heldur raunveruleg íbúatala á klakanum og margvísleg önnur umræðuefni sem ekki er við hæfi að ræða í virðulegu riti sem þessu.

Reyndar er ég hræddur um að ráðuneytið myndi snarlega vísa slíkri styrkbeiðni frá (og jafnvel afturkalla vegabréfið mitt) ef hinir vísu herrar kæmust að því að enn hef ég ekki gert mér ferð í strætó með nokkr-



ar pokafyllir af óhreinum nærbrókum og sokkum upp á Nørrebro til vöskunar. Slík hegðun ber náttúrulega vitni um algeran skort á þjóðrækni og virðingu fyrir íslenskum hefðum um rétta hegðan í útlandinu. Ég veit ekki hvort það dugir mér til afsökunar að mér finnst kaffi vont?

Sáttur við Amager

Heilt yfir er ég mjög sáttur með þessa þrjá mánuði sem nú eru liðnir. Lífið hér á Amager er prýðilegt, staðsetningin til mikils sóma; steinsnar frá miðborginni og enn nær skólanum. Fyrir piparpjakk eins og mig spillir heldur ekki fyrir að hér úir allt og grúir í litlum pizzeríum og keböbum fyrir þau sárafaú (hóst) kvöld þegar maður nennir ekki að elda. Grípi mann brennandi þörf fyrir að heyra ástkæra yllýra málið (án þess að eiga inneign á símanum) þarf maður ekki nema að tylla sér á bekk við kollegið og þar getur maður treyst því að íslenskt samtal eigi leið hjá innan örfárra mínútna.

Hingað til hef ég lagt mig fram um að vera sem sjálfstæðastur og passa að verða ekki háður hinu víðfræga íslendinganeti hér í útlandinu, en hver veit nema þessi pistill verði mitt fyrsta skref í að brjótast út úr sjálfstæðisskelinni og inn í faðm íslendingasamfélagsins?